



Hestamannafélagið Sprettur
Stjórnarfundur, miðvikudaginn 3. júlí, 2019

12. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Auður Stefánsdóttir, Magnús Benediktsson og Lárus Finnbogason, Sverrir Einarsson, Kristján Ríkharðsson, Margrét Tómasdóttir, Ólafur Karl Eyjólfsson.

Á þessum 12. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Farið yfir íþróttamót Sprettis og gæðingamóts Sprettis. Alltaf erfiðar og erfiðara að fá sjálfbóðaliða til starfa og kostnaður við mótahald að aukast. Rætt um rekstur móta almennt í framhaldi af því, umgjörð og kostnað fyrir félögin. Upp komu hugmyndir að vinna sum mót með öðrum félögum þó verðlaun væru veitt eftir félögum
3. Metamót verður 6.-8. september. Þorvaldur og Theodóra hafa sagt sig úr metamótsnefnd og eru þeim þökkuð mikil og góð störf í gegnum árin. Samþykkt að Sverrir Einarsson verði formaður metamótsnefndar. Auk þeirra sem eftir eru verður að fá nýtt fólk inn, sérstaklega til að safna styrkjum og auglýsingum, því þetta mót getur verið mikil tekjulind fyrir félagið.
4. Unnið að samkomulagi við LH varðandi Landsmót.
5. Auður vinnur ásamt Sigrúni Sig reiðkennara að samvinnu við Garðabæ um kennslu í grunnskólum bæjarins, val áföngum í hestamennsku. Greinilega er áhugi á slíku starfi og mikilvægt að við stöndum vel að þessari framkvæmd.
6. Íslandsmót er nú í gangi á Fákssvæðinu. Haldið sameiginlega af félögunum á höfðborgar svæðinu. Þórdís Anna Gylfadóttir mótsstjóri. Arnhildur og Lilja okkar fulltrúar í stjórn.
7. Framkvæmdastjóri sagði frá undirbúningi vetrarstarfsins. Mikilvægt að atburðir hjá okkur rekist ekki á önnur félög.
8. Sprettskonur / kvennadeildin. Bréf hefur borist frá þeim. Boða fulltrúar þeirra á stjórnarfund.
9. Reiðskólar ganga vel. Eru tveir starfandi og mikil þátttaka barna og unglinga
10. Gjaldkeri fór yfir fjármálastöðuna. Framlenging á yfirdrætti um 50 milljónir samþykkt.

Fundi slitið kl. 19.

Fundargerð ritaði Margrét Tómasdóttir

